

Ávarp

Styrkur okkar er velferð allra

Ágætu félagar.

Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag okkar.

Yfirskrift dagsins er einföld: *Styrkur okkar er velferð allra*. Hún minnir okkur á að lífskjör, öryggi og tækifæri verða ekki til af sjálfu sér. Þau eru afrakstur samstöðu og framlags fólksins í landinu. Samstaðan er ekki aðeins leið að árangri, hún er forsenda þess að hann nýtist öllum.

Þetta sést best þegar við lítum til baka.

Ég á sterkar tengingar við Snæfellsnes. Afí minn, Halldór E. Sigurðsson, er fæddur hér og ólst að mestu leiti upp á Suður-Bár í Grundarfirði. Hann er fæddur fyrir rúmum 100 árum og ólst upp við aðstæður sem flest okkar þekkja ekki að eigin raun. Faðir hans féll frá þegar hann var barn og móðir hans stóð ein eftir með stóran barnahóp. Í tilfelli afa hélt heimilið velli. Ekki vegna þess að til staðar væri velferðarkerfi burðugt til að grípa fjölskyldur við þessar aðstæður. Tækifæri og framtíð fólks sem lenti í mótþárum í lífsins ólgusjó voru oft og tíðum háð heppni og tilviljunum.

Þessi saga er sannarlega ekki einstök. Hún er hluti af þeirri reynslu sem mótaði verkalýðshreyfinguna; vitneskjan um hvaða fórnir þarf að færa til að alþýða manna fái notið öryggis, heilbrigðisþjónustu og jafnra tækifæra. Úr þessari reynslu varð til sú sannfæring að samfélag þarf að byggjast á samtryggingu og sterkum stoðum þar sem enginn stendur einn og óvarinn.

Þessi saga er því miður ekki bundin við fortíðina. Rannsóknir sýna að þrátt fyrir sterkan grunn er verulegur hópur launafólks enn í viðkvæmri stöðu. Fyrir um sex árum komu ASÍ og BSRB á fót rannsóknastofnuninni Vörðu, sem hefur það hlutverk að varpa ljósi á lífsskilyrði launafólks á Íslandi. Niðurstöðurnar eru skýrar og ítrekaðar; hluti launafólks býr við þröngan kost, óöryggi og jafnvel skilgreinda fátækt.

Sérstaklega á þetta við um einhleypa foreldra, innflytjendur, láglaunafólk og fólk á leigumarkaði. Þessir hópar eru líklegri en aðrir til að standa frammi fyrir því að tekjur dugi ekki fyrir nauðsynjum, að svigrúm til að mæta óvæntum útgjöldum sé lítið sem ekkert og að fjárhagslegt öryggi sé brothætt sé það á annað borð fyrir hendi.

Dæmin eru mörg og þau eru raunveruleg. Fyrir suma er kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu slíkur að hann veldur því að fresta þarf nauðsynlegri meðferð eða setur heimilisbókhaldið úr

skorðum. Tekjulágir foreldrar treysta á að ungmenni á heimilinu leggi til tekjur til að ná endum saman. Ungt fólk af erlendum uppruna stendur verr að vígi í menntakerfinu og er síður líklegt til að ljúka framhaldsskólanámi, sem hefur langtímaáhrif á stöðu þess á vinnumarkaði.

Á sama tíma hefur húsnæðisstaðan versnað verulega. Húsnæðisverð, þrálát verðbólga og gríðarlega háir vextir þrengja að heimilum landsins. Fyrir ungt fólk er nú nær ómögulegt að komast inn á húsnæðismarkað án verulegs stuðnings frá fjölskyldu – stuðnings sem fjarri því allir hafa aðgang að. Á sama tíma búa fjölmargar fjölskyldur við þungan húsnæðiskostnað, hvort sem er á leigumarkaði eða í skuldsettu eigin húsnæði.

Þessi staða er áminning um að velferðarsamfélagið er ekki sjálfgefið né fullbúið. Hún undirstrikar mikilvægi samstöðu okkar og hvers vegna við megum aldrei missa sjónar á því að styrkur samfélagsins felst í því að tryggja velferð allra.

Hér á eftir stígur á stökk tónlistarmaðurinn Jón Jónsson. Í einu laga hans segir:

Gefðu allt sem þú átt
Ekkert án erfiðis fæst
Gefðu allt sem þú átt
Þannig markmiðið næst

Þessar línur lýsa í raun kjarnanum í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Fyrri kynslóðir gáfu allt sem þær áttu, ekki aðeins fyrir sjálfar sig heldur fyrir samfélagið í heild. Þær vissu að með sameiginlegu átaki var hægt að byggja upp gott og réttlátt samfélag velferðar og jöfnuðar.

Sú áskorun stendur enn.

Skylda okkar sem komum hér saman í dag er að standa vörð um það sem áunnist hefur og horfa jafnframt fram á við. Með samstöðu og sameiginlegri ábyrgð getum við styrkt velferðina, minnkað ójöfnuð og tryggt að allir njóti þeirra tækifæra sem samfélagið býður.

Sameinumst um þetta á þessum baráttudegi og um alla framtíð.

Því styrkur okkar er velferð allra.

Þakka ykkur fyrir.